# Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur 2003

Íslenski lífeyrissjóðurinn
Laugavegi 77
155 Reykjavík

kt. 430990-2179

# Íslenski lífeyrissjóðurinn

## Ársreikningur 2003

Efnisyfirlit.


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda. ...................................... | 2 |
| Skýrsla stjórnar.................................................. | 3 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris ............................................ | 4 |
| Efnahagsreikningur .......................................... | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi ....................................... | 6 |
| Skýringar .......................................................... | 7-13 |
| Sérgreint yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris ............................................ | 14 |
| Sérgreindur efnahagsreikningur ........................ | 15 |
| Sérgreint sjóðstreymi......................................... | 16 |

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum.

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Íslenska lífeyrissjóðsins á árinu 2003 efnahag hans 31. desember 2003, og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 2. apríl 2004

**Deloitte hf.**

Sigrún Ragna Ólafsdóttir
endurskoðandi

Gísli Guðmundsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann 20. júní sama ár. Tilgangur sjóðsins samkvæmt 2. gr. samþykkta er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á árinu fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og tilgang sjóðsins.

Hér fer á eftir nafnávöxtun sjóðsins.

| | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Líf ........................................................................................ | 19,2% | -1,8% | -0,9% |
| Líf II ........................................................................................ | 16,2% | 2,2% | 1,2% |
| Líf III........................................................................................ | 10,8% | 6,6% | 5,8% |

Virkir sjóðfélagar í árslok 2003 voru 7.668 talsins, en voru 7.116 í ársbyrjun . Í árslok var stærð sjóðsins 7.745.837.499, sem er um 30% stækkun á árinu. Á árinu 2003 var samþykkt að bæta við nýrri ávöxtunarleið Líf IV sem er innlán með föstum vöxtum.

Á árinu 2003 starfaði enginn starfsmaður hjá sjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbanka Íslands hf. fær bankinn þóknun fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins. Þóknunin má að hámarki vera 0,8% af eign sjóðsins í árslok. Á árinu 2003 er þessi þóknun 0,58% af eign sjóðsins í árslok.

Árið 2003 var Íslenska lífeyrissjóðnum mjög gott. Allir eignaflokkar hækkuðu en bestu ávöxtun gáfu innlend hlutabréf. Ávöxtun á inlendum skuldabréfamarkaði var einnig mjög góð, þar hækkuðu löng skuldabréf mest. Erlendir hlutabréfamarkaðir skiluðu mjög góðri ávöxtun eftir rúmlega þriggja ára lækkunartímabil.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. apríl 2004

## Í stjórn

Ingólfur Guðmundsson

Haukur Þór Haraldsson

Friðþjófur Johnson

Tryggvi Tryggvason

Jón Snorri Snorrason

## Framkvæmdastjóri

Hermann Jónasson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2003

| | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga ................................ | | 475.996.913 | 465.018.800 |
| Iðgjöld launagreiðenda ................................ | | 679.642.835 | 626.009.086 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur ................................ | | (277.842.587) | 3.781.221 |
| | | 877.797.161 | 1.094.809.107 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir ................................ | 3 | 92.163.247 | 88.841.927 |
| | | 92.163.247 | 88.841.927 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum ................................ | | 8.100.757 | 5.250.647 |
| Vaxtatekjur og gengismunur ................................ | | 1.056.836.966 | 67.858.063 |
| Breytingar á niðurfærslu eigna ................................ | | 15.314.229 | (2.716.569) |
| | | 1.080.251.952 | 70.392.140 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ................................ | | 14.870.485 | 11.909.000 |
| Önnur fjárfestingargjöld ................................ | | 1.536.142 | 9.009.333 |
| | | 16.406.627 | 20.918.333 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ................................ | | 32.093.783 | 24.992.004 |
| | | 32.093.783 | 24.992.004 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu ................................** | | 1.817.385.456 | 1.030.448.983 |
| **Hrein eign frá fyrra ári ................................** | | 5.928.452.042 | 4.898.003.059 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris ................................** | 16 | 7.745.837.499 | 5.928.452.042 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2003

| | Skýr. | 31.12.2003 | 31.12.2002 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum ...................................... | 4,9-12 | 7.587.811.525 | 5.534.889.583 |
| Verðbréf með föstum tekjum ............................................... | 4,13 | 103.549.267 | 388.751.508 |
| | | 7.691.360.792 | 5.923.641.091 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur ..................................................... | 3 | 15.123.185 | 0 |
| Aðrar kröfur ......................................................................... | 17 | 70.578.648 | 29.999.608 |
| | | 85.701.834 | 29.999.608 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Sjóður og veltiinnlán ........................................................... | | 42.064.741 | 14.235.587 |
| | | 42.064.741 | 14.235.587 |
| **Eignir** | | 7.819.127.367 | 5.967.876.285 |
| **Skuldir** | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir ........................................................................ | 18 | 56.549.265 | 39.424.244 |
| | | 56.549.265 | 39.424.244 |
| **Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur** | | | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur.................................................. | | 16.740.602 | 0 |
| | | 16.740.602 | 0 |
| **Skuldir** | | 73.289.867 | 39.424.244 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris alls** | | 7.745.837.499 | 5.928.452.042 |

**Greining á hreinni eign á deildir**

| | | 31.12.2003 | 31.12.2002 |
|---|---|---|---|
| Líf I .................................................................................... | | 2.503.919.327 | 2.142.712.695 |
| Líf II ................................................................................... | | 3.563.894.562 | 2.621.898.978 |
| Líf III .................................................................................. | | 959.044.146 | 719.685.057 |
| Sameign .............................................................................. | | 718.979.464 | 444.155.312 |
| | | 7.745.837.499 | 5.928.452.042 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2003

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | |
| Iðgjöld | 832.147.368 | 1.096.334.008 |
| Fjárfestingartekjur | 138.340.246 | 92.230.553 |
| Afborganir verðbréfa | 18.582.575 | 19.831.384 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 3.549.953.784 | 6.146.383.035 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 272.042.079 | 0 |
| **Inngreiðslur** | 4.811.066.053 | 7.354.778.980 |
| **Útgreiðslur** | | |
| Lífeyrir | 87.383.948 | 88.841.927 |
| Fjárfestingargjöld | 16.406.621 | 20.918.333 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 19.748.067 | 24.992.004 |
| **Útgreiðslur** | 123.538.636 | 134.752.264 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | 4.687.527.417 | 7.220.026.716 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | 4.659.698.263 | 7.213.794.999 |
| **Ráðstöfun alls** | 4.659.698.263 | 7.213.794.999 |
| **Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | 27.829.154 | 6.231.717 |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | 14.235.587 | 8.003.869 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | 42.064.741 | 14.235.587 |

# Skýringar

## Starfsemi

1. Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Íslenski lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður sem rekur bæði séreignardeild og samtryggingadeild. Seireignardeildin býður sjóðfélögum sínum upp á þrjár brautir, Líf I - III, með mismunandi ávöxtunarmöguleikum. Í samtryggingadeild er ein ávöxtunarleið sem miðar að öruggri og tryggri ávöxtun sjóðfélaga. Greiddur er ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir. Lágmarksiðgjald er 10% eins og í almenna lífeyriskerfinu en 2,7% af iðgjaldinu myndar séreign og er laus til útborgunar við 60 ára aldur.

Líf I:

Líf I stefnir að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á mörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 45% af eignum í innlendum skuldabréfum, 15% í innlendum hlutabréfum og 40% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir 20 ár eða meira af söfnunartíma sínum.

Líf II:

Líf II er ætluð þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrsisspanað sinn og ná þannig betri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að því að fjárfesta 60% af eignum í innlendum skuldabréfum, 20% í innlendum hlutabréfum og 20% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga amk. eftir 8-10 ár af söfnunartíma sínum.

Líf III:

Líf III er áhættuminnsta deildin og eru sveiflur í ávöxtun þar litlar. Stefnt er að því að fjárfesta 80% af eignum í innlendum skuldabréfum, 5% í innlendum hlutabréfum og 15% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga fá ár eftir af söfnunartíma sínum eða eru komnir á eftirlaun.

Útgreiðsluleiðir:

Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur, frá því að hann fékk starfsleyfi, boðið fjóra kosti (leiðir I-IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og hafa sjóðfélagar geta valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn. Ef sjóðfélagi velur sér ekki ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið I.
Frá og með 15. maí 2003 hafa sjóðfélagar eingöngu geta valið milli leiða I og III við inngöngu í sjóðinn. Þeir sjóðfélagar sem höfðu valið leið II eða IV, fyrir 15. maí 2003, geta þó haldið áfram að greiða til sjóðsins samkvæmt þeim leiðum.

Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli sameignar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Eftir 67 ára aldur er hún laus til útborgunar samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr sameign hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr sameign hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign er að fullu eign sjóðfélagans og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr sameign hefst við 70 ára aldur, eða síðar eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Sameignin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

3. Kröfur á launagreiðendur vegna óinnheimtra iðgjalda eru metnar í árslok. Matið byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn sem fyrir liggja um skil eftir árslok.

4. Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

   Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

   Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

   Vegna þeirrar áhættu sem tengd er verðbréfaeign eru verðbréf færð niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi. Eingöngu er um almenna niðurfærslu að ræða samkvæmt vinnureglu umsýsluaðila, þar sem samsetning skuldabréfaeignar gefur ekki tilefni til sérstakrar niðurfærslu. Almenna niðurfærslan hefur verið lækkuð um 15,3 milljónir króna frá fyrra ári vegna lækkunar á skuldabréfaeign.

5. Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna sjóðsins. Samningarnir eru gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstólar samninganna eru ekki færðir í efnahagsreikning, en afkoma þeirra er færð í yfirlit um breytingu á hreinni eign og efnahagsreikning. Samningarnir eru færðir með öðrum kröfum eða öðrum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð.

6. Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gegni bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

7. Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

   Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

# Skýringar

## Lífeyrir

8. Lífeyrir greinist þannig:

| | Líf I | Líf II | Líf III | Sameign | Samtals 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir ............................... | 750.201 | 15.173.671 | 64.994.933 | | 80.918.805 |
| Örorkulífeyrir ......................... | 2.412.050 | 423.018 | | 4.879.501 | 7.714.569 |
| Makalífeyrir ............................ | 645.144 | 463.073 | 920.188 | 915.010 | 2.943.415 |
| Barnalífeyrir ........................... | 586.459 | | | | 586.459 |
| | 4.393.854 | 16.059.762 | 65.915.121 | 5.794.511 | 92.163.248 |

## Verðbréf með breytilegum tekjum

9. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum ........................................................................................ | 65.820.012 |
| Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum ......................................................................................... | 4.671.620 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum ................................................................... | 5.808.809.066 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum ..................................................................... | 1.708.510.827 |
| | 7.587.811.525 |

10. Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

| Skráð félög: | Líf I | Líf II | Líf III | Sameign | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Afl, fjárfestingarfélag hf.......... | 32.470.001 | 28.650.001 | 0 | 4.699.605 | 65.819.607 |
| Skráð félög alls..................... . | 32.470.001 | 28.650.001 | 0 | 4.699.605 | 65.819.607 |
| Óskráð félög: | | | | | |
| Óskráð hlutafélög alls.............. | 405 | 0 | 0 | 0 | 405 |
| Innlend félög alls..................... | 32.470.406 | 28.650.001 | 0 | 4.699.605 | 65.820.012 |

Nafnverð eignarhluta í Afli fjárfestingarfélagi hf. er alls kr. 34.460.526 eða 1,8% eignarhlutdeild.
Eignarhlutar sjóðsins í óskráðum félögum eru metnir á því sem lægra er, kaupverð eða áætlað markaðsverð .

11. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

| | Líf I | Líf II | Líf III | Sameign | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Decode Genetics Inc. skráð..... | 4.671.620 | 0 | 0 | 0 | 4.671.620 |
| Erlend félög alls ...................... | 4.671.620 | 0 | 0 | 0 | 4.671.620 |
| Hlutabréfaeign alls ................. | 37.142.026 | 28.650.001 | 0 | 4.699.605 | 70.491.632 |

12. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

| Innlendir verðbréfasjóðir: | Líf I | Líf II | Líf III | Sameign | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréfasjóðir .................... | 1.176.484.933 | 2.224.080.023 | 833.112.274 | 466.783.114 | 4.700.460.344 |
| Hlutabréfasjóðir ...................... | 406.817.710 | 532.193.775 | 76.070.039 | 93.267.198 | 1.108.348.722 |
| Innl. verðbréfasjóðir alls.......... | 1.583.302.643 | 2.756.273.798 | 909.182.313 | 560.050.312 | 5.808.809.066 |
| Erlendir verðbréfasjóðir: | | | | | |
| Erl. hlutabréfasjóðir alls.......... | 715.623.453 | 746.360.492 | 87.369.189 | 159.157.693 | 1.708.510.827 |
| Verðbréfasjóðir alls.............. | 2.298.926.096 | 3.502.634.290 | 996.551.502 | 719.208.005 | 7.517.319.893 |

## Verðbréf með föstum tekjum

13. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| Skuldabréf með ríkisábyrgð: | |
|---|---|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð .......... | 18.162.166 |
| | 18.162.166 |
| Skuldabréf sveitarfélaga .......... | 12.720.937 |
| Skuldabréf lánastofnana .......... | 32.393.535 |
| Önnur skuldabréf.......... | 40.540.226 |
| Samtals án niðurfærslu.......... | 103.816.864 |
| Niðurfærsla verðbréfa.......... | (267.597) |
| Verðbréf með föstum tekjum alls .......... | 103.549.267 |

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig eftir brautum:

| | Líf I | Líf II | Líf III | Sameign | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf m. ríkisábyrgð ..... | 1.011.799 | 15.896.835 | 1.253.532 | 0 | 18.162.166 |
| Skuldabréf sveitarfélaga ........ | 0 | 10.114.799 | 2.606.138 | 0 | 12.720.937 |
| Skuldabréf lánastofnana........... | 8.495.499 | 23.898.036 | 0 | 0 | 32.393.535 |
| Skuldabréf fyrirtækja ............. | 12.023.530 | 14.726.418 | 13.790.278 | 0 | 40.540.226 |
| | 21.530.828 | 64.636.088 | 17.649.948 | 0 | 103.816.864 |
| Niðurfærsla skuldabréfa ....... | (81.356) | (102.053) | (84.188) | 0 | (267.597) |
| | 21.449.472 | 64.534.035 | 17.565.760 | 0 | 103.549.267 |

## Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

14. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | Í íslenskum krónum | Í erlendum gjaldmiðlum | Samtals |
|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum ............................................ | 5.874.629.078 | 1.713.182.447 | 7.587.811.525 |
| Verðbréf með föstum tekjum ..................................................... | 103.549.267 | 0 | 103.549.267 |
| | 5.978.178.345 | 1.713.182.447 | 7.691.360.792 |
| Hlutfallsleg skipting ................................................................... | 78% | 22% | 100% |

## Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

15. Markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum er áætlað 112,3 milljónir króna eða 8,8 milljónum króna hærra en bókfært verð þeirra.

## Lífeyrisskuldbindingar

16. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu sameignardeildar lífeyrissjóðsins í árslok 2003 miðað við 3,5% ársvexti þá á sjóðurinn 200,7 milljónir króna umfram áfallnar skuldbindingar eða 38,0% og 249,9 milljónir króna umfram heildarskuldbindingar eða 7,6%.

| | Áfallin skuldbinding m.kr. | Framtíðar-skuldbinding m.kr. | Heildar-skuldbinding m.kr. |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris...................................................... | 719,0 | | 719,0 |
| Núvirði verðbréfa, hækkun.......................................................... | 47,8 | | 47,8 |
| Lækkun vegna fjárfestingargjalda................................................ | (38,5) | | (38,5) |
| Núvirði framtíðariðgjalda............................................................ | | 2.817,0 | 2.817,0 |
| | 728,3 | 2.817,0 | 3.545,3 |
| Skuldbindingar | | | |
| Ellilífeyrir ................................................................................... | 236,9 | 1.332,2 | 1.569,1 |
| Örorkulífeyrir.............................................................................. | 237,7 | 1.073,0 | 1.310,7 |
| Makalífeyrir................................................................................. | 49,1 | 244,8 | 293,9 |
| Barnalífeyrir................................................................................ | ,0 | 76,2 | 76,2 |
| Rekstrarkostnaður ...................................................................... | 3,9 | 41,6 | 45,5 |
| | 527,6 | 2.767,8 | 3.295,4 |
| Eignir umfram skuldbindingar .................................................... | 200,7 | 49,2 | 249,9 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum ..................................................... | 38,0% | 1,8% | 7,6% |

# Skýringar

## Kröfur

17. Aðrar kröfur greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Áfallnar tekjur vegna framvirkra samninga | 55.044.080 |
| Aðrar körfur | 15.534.568 |
| | 70.578.648 |

## Skuldir

18. Aðrar skuldir greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Ógreiddur kostnaður | 53.317.974 |
| Ýmsar skuldir | 3.231.291 |
| | 56.549.265 |

## Kennitölur

19. Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða

| | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | 13,24% | (1,52%) | (5,47%) | (4,60%) | 9,93% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar | | | | | |
| sl. 5 ár | 2,03% | 1,24% | 2,52% | 4,96% | 6,99% |
| sl. 10 ár | 4,39% | 4,59% | | | |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbr. m. brl.. tekjum | 98,65% | 93,43% | 90,48% | 71,50% | 66,66% |
| Skráð verðbr. m. föstum tekjum | 1,24% | 6,38% | 7,94% | 24,78% | 32,96% |
| Óskráð verðbr. m. brl. tekjum | 0,00% | 0,00% | 1,29% | 0,72% | 0,38% |
| Óskráð verðbr. m. föstum tekjum | 0,11% | 0,19% | 0,29% | 3,00% | 0,00% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 77,73% | 79,49% | 79,61% | 81,23% | 81,26% |
| Eignir í erl. gjaldmiðlum | 22,27% | 20,51% | 20,39% | 18,77% | 18,74% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 5016 | 4816 | 3.689 | 3.236 | 2.642 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 161 | 60 | 51 | 44 | 40 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Eftirlaun | 87,80% | 92,84% | 98,46% | 98,45% | 98,23% |
| Örorkulífeyrir | 8,37% | 1,10% | 1,10% | 1,10% | 0,22% |
| Makalífeyrir | 3,19% | 1,83% | 0,44% | 0,45% | 0,24% |
| Barnalífeyrir | 0,64% | 4,23% | 0,00% | 0,00% | 1,31% |
| Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt: | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 7,6% | 6,2% | 8,3% | 6,6% | |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | 38,0% | 32,3% | 46,2% | 36,4% | |

# Skýringar

20. Yfirlit um kennitölur niður á brautir sjóðsins

| | Líf I | Líf II | Líf III | Sameign |
|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun.......................... | 15,94% | 12,92% | 8,08% | 10,03% |
| Meðaltal hreinnar raun-<br>ávöxtunar sl. 5 ár ........................... | 1,94% | 2,10% | 2,84% | 1,86% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | |
| Skráð verðbr. m. brl.. tekjum........... | 99,10% | 98,20% | 98,27% | 100,0% |
| Skráð verðbr. m. föstum tekjum...... | 0,90% | 1,78% | 0,97% | |
| Óskráð verðbr. m. brl. tekjum ........ | 0,0% | 0,0% | 0,0% | |
| Óskráð verðbr. m. föstum tekjum ... | 0,00% | 0,02% | 0,76% | |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum ............. | 69,45% | 79,24% | 91,38% | 78,01% |
| Eignir í erl. gjaldmiðlum ................. | 30,55% | 20,76% | 8,62% | 21,99% |
| Fjöldi sjóðfélaga............................. | 2842 | 1913 | 261 | 1189 |
| Fjöldi lífeyrisþega........................... | 21 | 42 | 95 | 3 |

# Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2003

| | Lífsbraut I | Lífsbraut II | Lífsbraut III | Sameign | Samtals 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga ................ | 192.781.488 | 183.041.219 | 24.988.460 | 75.185.746 | 475.996.913 |
| Iðgjöld launagreiðenda ................ | 288.732.749 | 249.205.795 | 28.925.672 | 112.778.620 | 679.642.835 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur milli brauta ................ | (464.830.059) | 290.908.870 | 173.921.190 | | 0 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur ................ | (32.543.887) | (230.053.282) | (15.245.418) | 0 | (277.842.587) |
| | (15.859.710) | 493.102.602 | 212.589.903 | 187.964.366 | 877.797.161 |
| **Lífeyrir** | | | | | |
| Lífeyrir ................ | 4.393.854 | 16.059.762 | 65.915.121 | 5.794.511 | 92.163.247 |
| | 4.393.854 | 16.059.762 | 65.915.121 | 5.794.511 | 92.163.247 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | | | |
| Tekjur af eignarhlutum ................ | 4.097.938 | 3.381.322 | 16.073 | 605.424 | 8.100.757 |
| Vaxtatekjur og gengismunur ................ | 386.779.112 | 477.649.368 | 96.742.368 | 95.666.118 | 1.056.836.966 |
| Breytingar á niðurfærslu eigna ................ | 4.824.791 | 6.925.452 | 2.117.546 | 1.446.440 | 15.314.229 |
| | 395.701.841 | 487.956.142 | 98.875.987 | 97.717.982 | 1.080.251.952 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ................ | 4.174.890 | 7.283.611 | 1.961.720 | 1.450.264 | 14.870.485 |
| Önnur fjárfestingargjöld ................ | 891.826 | 406.239 | 143.387 | 94.691 | 1.536.142 |
| | 5.066.716 | 7.689.850 | 2.105.106 | 1.544.955 | 16.406.627 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ................ | 9.174.930 | 15.313.549 | 4.086.573 | 3.518.731 | 32.093.783 |
| | 9.174.930 | 15.313.549 | 4.086.573 | 3.518.731 | 32.093.783 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu ................** | 361.206.632 | 941.995.584 | 239.359.089 | 274.824.151 | 1.817.385.456 |
| **Hrein eign frá fyrra ári ................** | 2.142.712.695 | 2.621.898.978 | 719.685.057 | 444.155.313 | 5.928.452.043 |
| **Hrein eign í árslok til gr. lífeyris ................** | 2.503.919.327 | 3.563.894.562 | 959.044.146 | 718.979.464 | 7.745.837.499 |

# Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2003

| | Lífsbraut I | Lífsbraut II | Lífsbraut III | Sameign | Samtals 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | |
| **Fjárfestingar** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 2.336.068.122 | 3.531.284.291 | 996.551.502 | 723.907.610 | 7.587.811.525 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 21.449.472 | 64.534.035 | 17.565.760 | 0 | 103.549.267 |
| **Fjárfestingar** | 2.357.517.594 | 3.595.818.326 | 1.014.117.262 | 723.907.610 | 7.691.360.792 |
| **Kröfur** | | | | | |
| Viðskiptareikningur milli brauta | 121.676.899 | (47.495.260) | (62.803.841) | (11.377.797) | 0 |
| Kröfur á launagreiðendur | 3.636.863 | 3.150.692 | 672.998 | 7.662.632 | 15.123.185 |
| Aðrar kröfur | 30.363.569 | 23.992.373 | 11.224.068 | 4.998.638 | 70.578.648 |
| **Kröfur** | 155.677.331 | (20.352.195) | (50.906.775) | 1.283.474 | 85.701.834 |
| **Aðrar eignir** | | | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | 23.947.866 | 11.592.965 | 4.175.595 | 2.348.315 | 42.064.741 |
| **Aðrar eignir** | 23.947.866 | 11.592.965 | 4.175.595 | 2.348.315 | 42.064.741 |
| **Eignir** | 2.537.142.791 | 3.587.059.096 | 967.386.082 | 727.539.399 | 7.819.127.367 |
| **Skuldir** | | | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | | | |
| Aðrar skuldir | 16.482.862 | 23.164.533 | 8.341.935 | 8.559.935 | 56.549.265 |
| | 16.482.862 | 23.164.533 | 8.341.935 | 8.559.935 | 56.549.265 |
| **Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur** | | | | | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 16.740.602 | 0 | 0 | 0 | 16.740.602 |
| | 16.740.602 | 0 | 0 | 0 | 16.740.602 |
| **Skuldir** | 33.223.464 | 23.164.533 | 8.341.935 | 8.559.935 | 73.289.867 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris alls** | 2.503.919.327 | 3.563.894.562 | 959.044.146 | 718.979.464 | 7.745.837.499 |

# Deildarskipt yfirlit um sjóðstreymi ársins 2003

| | Lífsbraut I | Lífsbraut II | Lífsbraut III | Sameign | Samtals 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | | | |
| Iðgjöld | (2.755.971) | 489.951.910 | 211.916.905 | 133.034.524 | 832.147.368 |
| Fjárfestingartekjur | 92.320.131 | 30.755.693 | 5.055.295 | 10.209.128 | 138.340.246 |
| Afborganir verðbréfa | 4.444.373 | 9.759.273 | 4.378.929 | 0 | 18.582.575 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 1.409.194.934 | 1.380.574.517 | 414.536.223 | 345.648.110 | 3.549.953.784 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 119.075.295 | 109.160.111 | 43.806.673 | 0 | 272.042.079 |
| **Inngreiðslur** | 1.622.278.763 | 2.020.201.503 | 679.694.025 | 488.891.762 | 4.811.066.053 |
| **Útgreiðslur** | | | | | |
| Lífeyrir | 4.393.854 | 16.059.762 | 65.915.121 | 1.015.212 | 87.383.948 |
| Fjárfestingargjöld | 5.066.715 | 7.689.848 | 2.105.103 | 1.544.955 | 16.406.621 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 5.471.402 | 9.979.135 | 2.857.638 | 1.439.886 | 19.748.061 |
| **Útgreiðslur** | 14.931.970 | 33.728.745 | 70.877.862 | 4.000.053 | 123.538.630 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | 1.607.346.793 | 1.986.472.758 | 608.816.163 | 484.891.709 | 4.687.527.423 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytil. tekjum | 1.474.204.148 | 2.021.833.097 | 669.396.271 | 494.264.747 | 4.659.698.263 |
| Aðrar fjárfestingar | 121.877.822 | (46.290.828) | (64.209.197) | (11.377.797) | 0 |
| **Ráðstöfun alls** | 1.596.081.970 | 1.975.542.269 | 605.187.074 | 482.886.950 | 4.659.698.263 |
| **Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | 11.264.823 | 10.930.489 | 3.629.089 | 2.004.759 | 27.829.160 |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | 12.683.043 | 662.476 | 546.506 | 343.556 | 14.235.581 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | 23.947.866 | 11.592.965 | 4.175.595 | 2.348.315 | 42.064.741 |